

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 26. gr. bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Nemendur á 3. ári í framhaldsdeildum iðnskóla skulu greiða félagsgjald til Iðnnemasambands Íslands. Gjald þetta skal vera 1% af fyrsta árs launum rafvirkjanema eins og þau eru hverju sinni.

*Menntamálaráðuneytið, 8. september 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 333.

21. sept. 1977.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness,  
nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftari en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja .

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 334.

21. sept. 1977.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar  
í Þorlákshöfn, nr. 130 20. mars 1975, sbr. reglugerð  
nr. 87 3. febrúar 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftari en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja .

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120

4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 89 3. febrúar 1977.

### 1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftari en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108

4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 61 25. janúar 1977.

### 1. gr.

Á eftir 16. gr. komi ný grein, sem verður 17. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftari en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*